



HAFNARFJÖRÐUR

Á fundi bæjarráðs þ. 11. febrúar sl. var eftirfarandi tekið fyrir:

2102204 - Hafnarfjarðarbær, útboð og þjónusta, fyrirspurn

Fulltrúi Viðreisnar leggur fram fyrirspurn:

Hversu mikið kaupir Hafnarfjarðarbær utanaðkomandi þjónustu án útboðs og hvað er þetta hátt hlutfall keyptrar þjónustu?

Svar við fyrirspurn:

Við innkaup fer Hafnarfjarðarbær fer eftir lögum um opinber innkaup og innkaupareglum bæjarins, sem ganga lengra en löggjafinn kveður á um. Meginreglan er sú að beitt skuli útboðum við innkaup ef áætluð kaupa á þjónustu fer yfir 15 m.kr. Bærinn gengur þó mun lengra en þessi regla segir og gerir verðfyrirspurnir þegar um lægri fjárhæðir er að ræða.

Þjónustukaup Hafnarfjarðar námu 4.4 milljörðum króna á árinu 2020 (innri þjónusta undanskilin). Gróf samantekt á þjónustukaupum síðasta árs bendir til þess að um 3-6% af þjónustukaupum, hafi verið án undangengins útboðs, verðtilboða eða utan rammamninga. Um 25% af heildarþjónustukaupum Hafnarfjarðar er vegna aðkeyptrar kennsluþjónustu og um 2% eru aðrir liðir sem útboð á ekki við um (lækniskostnaður, verðlaun, símenntun, jólagjafir o.fl.).